

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Jafet Ólafsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>5</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Jafet Ólafsson (JÓ) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Jón Björnsson (JB) Matthías Imsland (MI) Ólöf Þorsteinsdóttir (ÓÞ) Sigurður Páll Steindórsson (SPS) Sunna Ipsen (SI)	<b>Dagsetning:</b>	24.11.2021
	<b>Frá kl.:</b>	17:30
	<b>Til kl.:</b>	18:30
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> 5. janúar 2022	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> JÓ setti fundinn. Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar.
2	<u>Nýir starfsmenn</u> Nýr starfsmaður BSÍ, MI, kynnti sig og fór yfir sýn sína á málefni BSÍ og verkefni fram undan. MI leggur áherslu á að nýliðunarstarfi sé skipt í flokka og að mikilvægt sé að hafa lykilmál fyrir hvern flokk. T.d. þurfi að vera lykilmálur í hverjum skóla sem sér um bridge, einnig þurfi að reyna að nálgast spilara sem spila sér fyrst og fremst til skemmtunar í meira mæli, miklu meira sé hægt að gera í útbreiðslu á bridge fyrir eldri borgara o.s.frv. Var tekið undir sýn MI á útbreiðslumál og rætt um mikilvægi þess að undirbúningur fyrir ársþingið hæfist strax og að sérstaklega yrði farið yfir nefndir; þarf nýjar nefndir, eru einhverjar nefndir úreltar, hvernig er heppilegast að velja í nefndir?
3	<u>Reykjavík Bridgehátíð 2022</u> Rætt var um Bridgehátíð sem fara á fram í lok janúar. Ákveðið að gefa það út að Bridgehátíðin verði haldin í Hörpunni eins og til hefur staðið. Fylgt verður þeim reglum sem til þarf varðandi COVID. Ákveðið að uppfæra heimasíðu mótsins og hvetja alla til að skrá sig sem fyrst, sérstaklega þarf að gera skráningalista sýnilega á heimasíðunni og reglur varðandi COVID. Rætt um að veita afslátt á þátttökugjöldum fyrir þá sem skrá sig snemma. Ákveðið að kaupa auglýsingu á BBO.
4	<u>Heimsmeistaramót á Ítalíu 2022</u> Heldri manna liðið tekur þátt. Undirbúningur í fullum gangi og gengur vel. Tókst að sækja styrk til ráðuneytis til þessa verkefnis.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5	<p><u>Evrópumót á Madeira</u></p> <p>Ákveðið verður í janúar hvort Evrópumótið verður haldið á Madeira næsta sumar. Ef mótið verður ekki haldið á Madeira þá verður líklega fundinn annar staður. Reiknað er með að Ísland sendi lið á mótið.</p>
6	<p><u>EBL fundur</u></p> <p>JÓ fór yfir fréttir af nýlegum fundi EBL en JÓ sat fundinn.</p>
7	<p><u>Mót fram undan</u></p> <p>Rætt var um mót á vegum BSÍ sem eru fram undan. Parasveitakeppni er helgina 27. til 28. nóv. og Íslandsmót í bötler-tvímenni 4. des.</p> <p>Rætt var um nýja helgi fyrir seinni hluta deildakeppninnar. Helgi í fyrri hluta janúar kemur hugsanlega til greina. Mótanefnd fer yfir og ákveður.</p>